

TILLAGA TIL SKÁTAPINGS

UM SKIPAN EMBÆTTA



SKÁTARNIR

25. GREIN

Stjórn BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍS þarf fyrir inngöngu BÍS í önnur samtök og félög. Stjórn BÍS skal leita staðfestingar næsta Skátapings á slíkri aðild.

Stjórn BÍS ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu.

Stjórn BÍS setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍS og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍS.

Reglugerðir skulu kynntar aðildareiningum BÍS. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra. Stjórn er heimilt að skipa sér ráðgjafa eftir þörfum hverju sinni.

Stjórn er heimilt að skipa skáta í embætti og ákveða verksvið þeirra. Þau geta eftir atvikum starfað náið með fastaráðum BÍS.

Upplýsingar um starfandi nefndir, vinnuhópa og embætti skulu ávallt aðgengilegar á heimasíðu skátanna.

Flutningsaðili: Stjórn BÍS



Greinargerð:

Stjórn BÍS hefur á þessum tíma skipað þrjá alþjóðafulltrúa af norrænni fyrirmynd, einn alþjóðafulltrúa WOSM, einn alþjóðafulltrúa WAGGS og svo einn varafulltrúa sem getur leyst hina tvo af og létt undir með þeim í verkefnum. Þessir aðilar hafa til þessa starfað með alþjóðaráði og jafnvel haft formennsku í ráðinu í stað stjórnarfólks.

Þá hafa ýmsir skátar sinnt óformlegum hlutverkum fyrir BÍS í gegnum tíðina tengt sérkunnáttu þeirra og setið fyrir hönd BÍS í samráðs- og verkefnahópum.

Við teljum mikilvægt að skerpa betur á umboði stjórnar til að skipa einstaklinga í afmörkuð verkefni fyrir landssamtökin og skerpa á tengingunni við fastaráð. Þetta opnar einnig á möguleikann að fastaráð BÍS geti óskað eftir að því sama kringum afmörkuð verkefni ráðsins.

Þá eru reglulega fengnir til starfa vinnuhópar, á meðan unnið hefur verið betur að verklagi við skipan þeirra, stuðningi og eftirfylgni með markmiðum þeirra hefur skort upplýsingamiðlun um störf þeirra sem fyrst og fremst er að finna í ársskýrslu að hverju ári loknu.

Eins skipar stjórn BÍS tvo fulltrúa í minjanefnd skáta á móti tveimur sem SSR skipar og öðrum tveimur sem St. Georgsgildin skipa. Mikilvægt er að gæta að upplýsingar sem þessar séu aðgengilegar svo að bæði skátahreyfingin sem heild og stjórn BÍS tapi þeim ekki.

Við teljum því visst aðhald fólgið í því að festa í lög að upplýsingar um starfandi nefndir, vinnuhópa og embætti séu ávallt aðgengilegar á heimasíðu skátanna líkt og gildir um reglugerðir og aðrar samþykktir stjórnar BÍS.

